

# Bekkjarnámskrá 3.-4. bekkur 2024-2025

## Íslenska

Íslenska er kennd í tveim lotum á haustönn, 4 vikur í senn og í þremur lotum á vorönn. Viðfangsefnin eða þemur á haustönninni eru sögur úr Gamla testamentinu. Þemu haust- og vorannar eru tvær starfsgreinar sem mega teljast til undirstöðuáttvinnuvegar Íslendinga fram á okkar tíma, starf bóndans og starf sjómannsins. Í gegnum þemavinnu gefst kennara tækifæri á að dýpka skilning nemenda á töluðu og rituðu máli í gegnum frásagnalistina. Áhersla er á málfræði sem og setningarfræði. Nemendur vinna texta í vinnubók og myndskreyta. Þetta ár er áhersla lögð á málfræði, lestur og ritun.

## Haustönn 2024

<p>Gamla testamentið Trúarbrögð</p> <p><b>Tímabil:</b> 16.9-18.10</p>	<p>Á aldrinum 9-10 ára hafa börnin öðlast meiri vitrænan þroska sem gott er að höfða til með sögum úr Gamla testamentinu. Sagan um Adam og Evu í Paradís og hvernig þau hrekjast þaðan höfðar til nýfenginnar færni í hugsun.</p> <p>Sögur úr Gamla testamentinu eru sagðar og umræður í kjölfarið um þau meginatriði sem vekja athygli nemenda. Sköpunarsögur frumbyggja og annarar trúarbragða fléttast inn til að gefa nemendum hugmynd um að mannkynið hefur ávallt leitað skýringa um upphaf alls. Þannig eru börnin leidd frá goðsagnakenndum tímum til mannkynssögulegs tíma.</p> <p>Nemendur mála myndir tengdar sögum trúarbragðanna og vinna samhliða texta í vinnubók. Áhersla er lögð á frásögn, ritun og skilning.</p>
<p>Gamla testamentið Leikrit</p> <p><b>Tímabil:</b> 25.11-13.12</p>	<p><b>Nemendur æfa leikrit og flytja fyrir áhorfendur.</b></p> <p>Hér er lögð áhersla á bekkinn sem heild, að nemendur séu hluti af heild/hóp sem mætir heiminum saman og öllum þeim áskorunum sem því fylgja. Saman gerum við leiklistaræfingar, leiki og ævintýri. Nemendur fá leiðbeiningar og við æfum saman mismunandi hlutverk, setjum upp leikmynd, æfum söng og spilum á hljóðfæri.</p>

## Vorönn 2025

<p>Íslenska/ Málfræði</p> <p><b>Tímabil:</b> 10.3-21.3</p>	<p>Í íslenskulotunni er áhersla lögð á orðflokka og orðflokkgreiningu. Rifjuð eru upp andheiti og samheiti, eintala og fleirtala. Nemendur kynnast málfræðihugtökunum kyn, fall og stigbreyting.</p> <p>Ritunaræfingar þar sem nemendur æfa tengiskrift ásamt réttritun, staðsetningu há- og lágstafa ásamt því að raða orðum upp í stafrófsröð.</p> <p>Nemendur vinna með ljóð, kvæði og ferskeytlur sem og rím og hrynjandi. Kennari leggur inn mikilvægi yndislesturs og nemendur fá tækifæri til að lesa í hljóði. Samlestur og sjálfstæður upplestur æfður.</p>
--	--

<p>Gamli tíminn</p> <p><b>Tímabil:</b> <b>6.1-31.1</b></p>	<p>Nemendur læra um atvinnuhætti sjómansins fyrr á öldum. Áhersla er lögð á fiskveiðar á árabátaöld. Landið og miðin, veiðislóðir á Íslandsmiðum og hin tvö meginkeið í sögu íslensks sjávarútvegs, skútuöld og vélaöld.</p> <p>Nemendur kynast helstu veiðarfærum, krókum, gildrum, netum og línuveiðum. Sjósókn og fiskvinnsla í landi. Hugtök eins og vertíð, verstöð og að verka fisk eru tekin fyrir. Hverjir sáu um að vinna við veiðar fyrr á öldum. Nokkrir hnútar verða kenndir í tengslum við starf sjómansins.</p> <p>Nemendur læra um árstíðarbundin störf bóndans eins og þau gætu hafa verið um síðustu aldamót, ólík sveitastörf fjölskyldumeðlima og skepnuhald. Byrjað verður á hauststörfum, göngum, réttum og tóvinnu ásamt matseld og gömlum geymsluháttum. Sérstök áhersla verður lögð á íslensku sauðkindina og afurðir hennar. Nemendur læra orð og hugtök er tengjast landbúnaði og orðtök í íslensku máli sem eiga rætur sínar að rekja til starfa í sveit.</p>
--	--

## Stærðfræði

Stærðfræði er kennd í 4 vikna lotum, einni lotu á haustönn og einni lotu á vorönn. Stærðfræði er einnig kennd með reglubundnum hætti yfir allt skólaárið í samþættingu við aðrar námsgreinar svo sem formteikningu, hrynlist, tónlist og í list- og verkgreinum. Áhersla er lögð á fjölbreytileika kennsluhátta með því að læra stærðfræði með öllum líkamanum í gegnum leik, hreyfingu og hrynjandi. Hugarreikningur er mikilvægur þáttur í að efla frjálsa og hreyfanlega hugsun og gerir nemandanum kleift að setja orð á eigin hugsun og öðlast þar með dýpri skilning á stærðfræðinni.

## Haustönn 2022

<p>Reikningur Mælieiningar Rúmfræði</p> <p><b>Tímabil</b> <b>28.10-22.11</b> <b>3.2-7.3</b> <b>22.4-9.5</b></p>	<p>Reikningsaðferðirnar fjórar eru æfðar með fjölbreyttum hætti svo sem í gegnum leik, hreyfingu og hrynjandi, hugarreikningi og lausn hlutbundinna verkefna og skriflegra dæma.</p> <p>Upprifjun á reikningslistunum fjórum, samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu. Almenn hugtök í stærðfræði eru rifjuð upp svo sem einingar, tugir, hundruð og þúsundir, sléttar tölur og oddatölur. Upprifjun á klukkunni, bæði flaumrænni og stafrænni. Hugarreikningur efldur. Nemendur vinna með mælieiningar, fyrst út frá eigin líkama, t.d. alin og fet, en eru síðan leidd inn í metrakerfið. Unnið með mælieiningarnar grömm og kíló. Orðaforði í stærðfræði aukinn. Hugtök í rúmfræði kynnt. Samhverfa og mynstur og spegilás eru samþætt við formfræði.</p> <p>Nemendur læra á peninga; klink og seðla og æfa sig í notkun þeirra. Á basar skólans er nemendahópurinn með lítið kaffihús þar sem þau fá að nota þessa hæfni við sölu á bakkelsi til basargesta.</p> <p>Nemendur búa til eigin æfingabækur og leysa verkefni tengd mælikerfunum tveimur og rúmfræði.</p>
---	---

## Vorönn 2023

Reikningur Rúmfræði	Nemendur reikna uppsett dæmi. Nemendur leysa gátur og þrautir sem tengjast reikningsaðferðunum fjórum. Nemendur vinna með rúmfræðihugtök horn, brúnir, hliðarflötur, sívalingur, ferstrendingur, þríhyrningur, píramídi, kúla, keila, teningur, rétthyrningur, ferningur á myndrænan hátt.
Tímabil 02.01-27.01	Nemendur kanna, búa til og tjá sig um reglur í mynstrum á fjölbreyttan hátt. Nemendur þjálfast í að færa rök fyrir umbreytingu mynstra og tengja við ýmis stærðfræðihugtök svo sem samhverfu, speglunarás, rétt horn og gleið horn. Áfram er unnið með uppsett dæmi og stærðfræðilausnir.

## Formfræði

Tímabil 19.8-13.9	Unnið er með ólíka þætti línunnar. Flæðandi lína er tengd hreyfingu; hvassar línur, mjúkar línur, endurtekning mynsturs og umbreyting línu úr einu formi í annað. Æfingar í að spegla línu með því að teikna samhverfu sem endar í mynstri.
16.12-20.12	Nemendur læra að spegla á fjóra vegu, um lóðrétta og lárétta ása sem mynda kross og fléttast saman líkt og norræn fléttumynstur. Í formfræði er áhersla lögð á að vinna með
24.3-11.4	hugtök stærðfræðinnar í rúmfræði. Hluti af formfræðikennslu fer fram í gegnum hreyfingu og hrynlust þar sem nemendur fá tækifæri til að teikna með líkamanum ferli línunnar. Formræðin tvinnast svo hægt og rólega inn í skriftina og nemendur læra tengi-skrift.

## Erlend tungumál

### Enska

Tímabil 4 vikur eftir hádegi á vorönn	Nemendur læra lög, vers og leiki á ensku. Áhersla er lögð á talað mál og gefst þeim tækifæri til að setja upp litla leikþætti þar sem framsögn og framburður er æfður.  Stuttir textar eru lesnir, hlustun á talað mál og söngtexta. Nemendur æfa sig í að skrifa texta sem er sambættur við íslenskulotur. Innlögn nýrra orða og hugtaka á ensku tengjast viðfangefnum annara faglota, sbr. klukkan, dýraheiti, heiti steina, ólíkra vistkerfa og vistgerða o.s.fr.v. Málfræðikennsla í ensku fylgir kennslu í íslenskri málfræði.
--	---

## List- og verkgreinar

### Handavinna

Vorönn Tímabil 3. bekkur 6.1-31.1	3. bekkur - Nemendur læra að hekla. Heklið styður þannig við og styrkir rithönd barnsins. Áhersla er lögð á að heklunálinni sé beitt rétt. Fyrsta verkefni sem nemenda heklar er lítill poki. Ullargarn er notað.
4. bekkur 3.2-7.3	4. bekkur - Nemendur læra útsaum. Með keðjuspori sauma nemendur mynd á efni og nafnið sitt eftir forskrift handavinnukennara, handavinnukennari saumar svo poka og nemenda gerir snúið band sem sett er á pokann. Þarna reynir á fínhyrningur nemanda, fegurðarskyn og úthald. Þetta verður poki sem nemendur munu geyma handavinnu-verkefni sín í út 10. bekk.

## Smíði

Tálgun Vorönn <b>Tímabil</b> <b>4. bekkur</b> <b>06.01-7.3</b> <b>3. bekkur</b> <b>10.3-9.5</b>	Nemendahóp er skipt niður í tvo hópa.  Nemendur fá tilsögn í umgengisreglur varðandi meðhöndlun tálgunarhnífa. Greinar eru sóttar í nærumhverfinu og fá nemendur fræðslu um umgengni grenndarskógs og eiginleika mismunandi trjategunda. Byrjað er að tálga út einföld form sem síðar þróast yfir í krefjandi verkefni svo sem litla dverga og álfa, dýr og leikföng.  Í húsbyggingu æfa nemendur að finna lausnir og hugmyndir að húsi sem síðan er byggt. Nemendur byrja á því að teikna upp hús út frá eigin hugmyndum og óskum sem síðan sameinast í einni byggingu. Efniviðurinn að þessu sinni eru kefli og afgangsspýtur og fá nemendur tækifæri til að æfa sig í því hvernig best er að nýta efnid.
Húsbygging <b>Tímabil:</b> <b>19.5-6.6</b>	

## Tónlist

<b>Tímabil</b> <b>16.9-11.10.</b>	Í tónlist er unnið með lög, rím, reglur, sungna leiki og dansa. Æfðar eru ýmsar uppsetningar í söng, samspili og dans. Raddbeiting í ólíkum styrk og tóntegundum. Hermt eftir takti og laglínunum og keðjusöngur æfður. Nemendur búa til og spila einfaldar laglínur á hljóðfæri, móta og flytja lítil verk með tali, söng, hreyfingu og spilun.
--------------------------------------	---

## Hrynlist

<b>Tímabil</b> <b>25.11-20.12</b>	Hljóðhreyfingar á þessu skólaári tengjast sérhljóðum og samhljóðum. Allur líkaminn er notaður og eru æfingarnar bæði hugareflandi og viljastyrkjandi. Nemendahópurinn myndar stór og falleg form úr einstaklingsformum. Efniviður er sóttur í faglotur 3.-4. bekkjar að hluta til, svo sem ljóð, vísur, sögur og kvæði. Samþætting við formfræði er í gegnum hreyfingu út frá miðju og að ytri mörkum sjónsviðsins, með því að skapa hreyfingu fléttaðra og keðjuforma og hreyfingu í samhverfu. Einnig er unnið með hrynlistaræfingar sem falla að nemendum og þroskastig þeirra.
--------------------------------------	---

Hrynlist eða eurythmi er ekki til staðar í aðalnámskrá grunnskólanna heldur er hún hluti af skólanámskrá Waldorfskólanna. Hrynlist er kennd á öllum aldurstigum og vinnur að því að taka upp efnivið fagtíma og umbreyta í hreyfingu.

## Leiklist

Samþætt við íslenskulotu á haust- og vorönn	Leikrit unnið upp úr Gamla testamentinu.  Leiklist er hluti af lífsleiknikennslu, svo sem hlutverkaleikir og brúðuleikhús.
---	--

## Samfélagsfræði og náttúrufræði

### Átthagafræði

<b>Allt skólaárið</b>	<p>Alla mánudaga er gengið í skólan frá bílastæði við Þjóðveg um 1km leið. Nemendur fá tækifæri á að skynja umhverfi sitt og breytingu árstíða og veðurfar heiðinnar.</p> <p>Í átthagafræðinni er skólalóðin og umhverfi skólans nýtt til kennslu. Umhverfið býður upp á að upplifa mismunandi vistgerðir og vistkerfi. Nemendur kynnast lífríki svæðisins og landfræðilega legu þess. Farið í vikulegar vettvangsferðir og nestferðir í nærumhverfinu þar sem nemendur læra að lesa í landslagið og skynja höfuðáttirnar. Frá bæjarfjalli Lækjarbotna, Kistunni, sést til Esjunnar, Bláfjalla, Hengils og margra annarra kennileita svæðisins.</p> <p>Farið er í vettvangs- og menningarferðir til Reykjavíkur og í Kópavog. Í ferðunum kynnast nemendur borgarlandslag höfuðborgarinnar, heimsækja mismunandi menningarstofnanir og skoða helstu kennileiti Reykjavíkurborgar.</p> <p>Árlega er farið í lengri vettvangsferð til Skaftholts þar sem nemendur kynnast starfi bóndans og lífrænni ræktun.</p> <p>Átthagafræði er samþætt við stærðfræði að hluta til.</p>
-----------------------	---

### Umhverfismennt

<b>Garðyrkja</b>	Nemendahóp er skipt niður í tvo hópa, annar er í átthagafræði en hinn í garðyrkju.
<b>Haustönn</b> <b>Tímabil</b> <b>19.8-13.9</b> <b>Vorönn</b> <b>Tímabil</b> <b>19.5-6.6</b>	<p>Nemendur taka þátt í uppskeru á matjurtum sem gróðursettar voru í vor. Nemendur læra að undirbúa jarðveg og fræ fyrir veturinn. Unnið er í gróðurhúsi og við útiræktunarreit skólans. Nemendur fá innsýn í hringrás plantna, frá sáningu að uppskeru og samlífi plantna við smádýr.</p> <p>Nemendur sá fræjum sem hafa legið í vetrardvala. Gróðursett eru blóm og grænmeti. Vettvangsferð í Skaftholt.</p>

### Lífsleikni

<b>Allt skólaárið</b>	<p>Lífsleikni sem námsgrein ætlað að efla alhliða þroska nemandans. Markmiðið er að nemandinn rækti með sér andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk. Waldorffuppeldis- og kennslufræðin hafa þessi markmið að leiðarljósi í allri kennslu og því má líta svo á að lífsleikni sé samofin við öll fög.</p> <p>Í gegnum hlutverkaleiki, hópleiki, brúðuleikhús, framsögn og leikrit er unnið með sjálfsþekkingu, tilfinningar, samskipti og sköpun. Vettvangur skapast til að setja sig inn í ólíkar aðstæður, skoða mismunandi leiðir og aðferðir. Það þarf að láta í ljós skoðanir, hlusta, taka ákvarðanir og sýna frumkvæði.</p> <p>Í hópleikjum þarf að taka tillit til annara, fara eftir fyrirfram ákveðnum reglum, reyna á hæfileika og sýna kurteisi.</p> <p>Með reglulegum fjallgöngum, vettvangsferðum og útivist skapast vettvangur til að efla umhverfisvitund og taka þátt í náttúruskoðunum. Með flokkun sorps í skólastofunni og söfnun lífræns úrgangs er kynntur lífsstíll sem leiðir af sér ábyrgð og umhverfisvitund. Með því að takast á við áskoranir í náttúrunni lærist að meta aðstæður, þekkja eigin mörk, læsi á líkamlega getu og bera virðingu fyrir umhverfinu.</p>
-----------------------	--

	Furudalsvika, þemadagar og ólympíuleikar eru dagar þar sem allir nemendur skólans taka saman þátt í blönduðum aldurshópum. Hér styðjum við hvort annað, lærum af hvort öðru og vinnum að sameiginlegum markmiðum sem ein heild.
--	---

Hæfniviðmið samfélagsgreina tengjast grunnþáttum menntunar og er skipt í þrjá flokka, þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim. Lífsleikni í waldorfskólanum leitast við að uppfylla þessa þætti.

## Íþróttir og hreyfing

Sund Tímabil Haustönn	Nemendur fara vikulega í sund á tímabilinu.
Bothmerleikfimi Tímabil 28.10-22.11	Bothmer “Hringleikur” styrkir upprettu líkamsstöðu. “Ég stend (viðhorf mitt segir hver ég er) Ég fer. Ég hleyp og ég hoppa...” er inngangur að heidarþema fimleika, sem þróna braut. Hlaup í flæði skapar mikilvægan eiginleika hreyfingar sem börnin þekkja. Hlaup í stórrí átta tölu, þar sem allur bekkurinn fyllir stofuna, er mjög dýrmæt æfing frá þessum aldri. Skýrir taktar höfða til náttúrulegrar samheldnistilfinningar barna. Leikarnir halda áfram með hugmyndaríkum og spennandi mótífum. Boltaleikir eru þróaðir. Handtaka/kasta er mikilvægt mótíf. Jafnvægi milli hreyfingar og leik örvar sameiginlegan þroska færni og vekur heilbrigða hreyfiprá.  Lykilorð - ÆVINTÝRI - HETJUSKAPUR - TAKTUR
Hreyfing	Í Waldorfskólanum eru ekki hefðbundnir íþróttatímar fyrir 3.-4. bekk. Hreyfing fer fram í fag tímum, í vettvangsferðum, daglegum göngum frá bílastæði að skóla-byggingu, í hrynlíst, bothmer og í öllu útinámi.

\*Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

### Heimildaskrá:

Aðalnámskrá grunnskólanna, Sótt af:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Læreplan for Steinerskolerne. Skólanámskrá Waldorfskólanna í Noregi. Sótt af:

<https://www.steinerskole.no/pedagogikk/laereplan/>

En väg til frihet, skólanámskrá Waldorfskóla í Svíþjóð. Sótt af:

<http://www.uppsalawaldorfskola.nu/wp-content/uploads/2018/01/en-vag-till-frihet.pdf>